

Mál nr. 237/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins B.****Ágreiningur um bótaskyldu er stúlka rann á hálfu og slasaðist á skólalóð.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.8.2017.

Málsatvik.

Að morgni 11. janúar 2016 var M að leik í frímínútum á lóð grunnskólans A sem starfræktur er af sveitarfélaginu B. Úti var mikil hálfu og rann M á hálfu með þeim afleiðingum að hún datt og lærbrotnaði á hægri fæti.

Af hálfu M er talið að B beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar vegna saknæmrar og ólögmætrar vanrækslu starfsmanna A, þar sem ekki hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu sökum hálfu á skólalóðinni. Starfsmönnum skólans hafi mátt vera fullljóst að hálfu gæti myndast á lóðinni. Fyrir í þeirri viku sem slysið varð hafi snjóað og verið talsvert frost. Dagana fyrir slysið hafi verið frostlaust með tilheyrandi þýðu, en daginn fyrir slysið hafi fryst skyndilega og slysdaginn hafi verið frost og snjócoma. Til stuðnings bótakröfu sinni vísar M til 3. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða þar sem segir að húsnaði og skólalóðir skulu m.a. uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerðar þessarar og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig er vísað til 7. gr. reglugerðarinnar, en þar segir í 1. mgr. að húsnaði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taka þátt í á vegum grunnskóla skal miðast við að öryggi nemenda sé tryggt. Í 2. mgr. sömu gr. er svo tekið fram að nemandi sé á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma skólans stendur, þegar hann tekur þátt í skipulögðu skólastarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Hefur M krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V kveður samkvæmt upplýsingum skólustjóra A að hálfu hafi verið á lóð og aðkomuleiðum að skólanum umræddan morgun. Húsvörður hafi sandað helstu aðkomuleiðir og kallað eftir þjónustu gatnadeildar B til að hálfuverja. Kennarar bendi nemendum iðulega á að klæða sig vel og fara varlega í snjó og hálfu, en ekki sé hægt að búast við að skólalóðir séu ávallt hálfulausar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er ljóst af gögnum málsins hvar á lóð skólans slysið gerðist og hver hafi verið nákvæm tildrög slyssins. Þótt rík skylda hvíli á fyrirsvarsmönnum grunnskóla að gæta að öryggi nemenda á skólalóðum verður ekki fram hjá því litið að við vetraraðstæður eins og voru þegar slysið varð, getur hálfu myndast í einhverjum mæli á skólalóðum án þess að vörnum verði við komið. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að starfsmenn skólans hafi átt þess kost að koma að einhverjum vörnum í tæka tíð áður en slysið varð til að fyrirbyggja á slyssaðnum hálfu eða hálfumyndun. Slysið verður því ekki rakið til atvika sem starfsmenn skólans eða B geta borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 19. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.